

HALLDÓR GRÖNVOLD

ÁVARP FORMANNS

Rúmunum tveimur árum eftir bankahrunið glímur íslenskt samfélag við alvarlegar afleiðingar þeirrar djúpu efnahagskreppu sem fylgdi í kjölfarið. Heilu atvinnugreinarnar hafa orðið fyrir miklum áföllum og flest svið íslensks samfélags þurfa að takast á við umtalsverðan samdrátt. Atvinnuleysi er mikið og þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem glíma við langtímaatvinnuleysi. Afleiðing kreppunnar, hruns gjaldmiðilsins og minnkandi tekna vegna samdráttar í atvinnulífinu er mikill skuldavandi fjölmargra heimila í landinu. Við núverandi aðstæður verður að grípa til umfangsmikilla aðgerða til að verja heimilin. Á sama tíma verður að leggja allt kapp á að endurreisa íslenskt atvinnulíf og treysta stöðir þess varanlega. Aðeins þannig getum við tryggt öllum góð lífskjör til framtíðar.

Nú reynir sem aldrei fyrr á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, samstarfsaðila og framhaldsfræðsluna í landinu. Fjölbreytt menntunarræði, sem ætlað er að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og styðja einstaklinga og fyrirtæki við að takast á við breytingar í atvinnulífinu, hafa aldrei verið mikilvægari. Vinna þarf markvisst að því að:

- greina þarf einstakra starfs- og atvinnugreina fyrir þekkingu og byggja upp og efla framboð í framhaldsfræðslu á þeim grunni sem lagður hefur verið með starfi FA
- aðstoða einstaklinga og fyrirtæki við að meta styrkleika þeirra út frá hæfni þeirra og færni til að takast á við úrlausnarefnin og greina hvar þurfi að gera betur
- veita einstaklingum og fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf um þá kosti sem í boði eru og aðstoða við að nýta þá
- þróa úrræði sem gera einstaklingum í þeim atvinnugreinum sem orðið hafa fyrir mestu áföllum kleift að mennta sig til nýrra starfa
- byggja brýr á milli formlega menntakerfisins og framhaldsfræðslunnar, þar sem menntun og færni verður viðurkennd sem jafngild óháð því hvornig hennar er aflað.

Með lögum um framhaldsfræðslu sem samþykkt voru í vor og tóku gildi 1. október síðastliðinn var settur rammi um frekari þróun framhaldsfræðslunnar í landinu af hálfu stjórnvalda. Helsti markhópurinn samkvæmt lögnum eru þeir sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og hafa minnsta formlega menntun. Áhersla er lögð á að „gefa einstaklingum færi á að

efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti“ um leið og skapað er „svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna“. Markmiðið er einnig að „afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis“ og „að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum“ og „að efla menntunarsstig í landinu og íslenskt menntakerfi“.

Með lögnum er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ætlað mikilvægt hlutverk varðandi framtíðarfyrirkomulag fullorðinsfræðslu á vinnumarkaði, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þar er jafnframt áréttað að sú reynsla sem fengist hefur með starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og samstarfsaðila hennar liggja til grundvallar lögnum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur þeirri ábyrgð og þeim áskorunum sem hún stendur frammi fyrir af mikilli alvöru. Starfið hvílir á sameiginlegri sýn, góðu samstarfi og trausti í samskiptum þeirra aðila sem málið varðar mestu, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Með aðild BSRB, fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna að FA fyrr á þessu ári hefur enn styrkari stöðum verið skotið undir starfsemina og réttindi og möguleikar þeirra sem tilheyra markhópnum hafa verið auknir.

Fyrir hönd stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vil ég nota tækifærið til að þakka starfsfólki FA, símenntunarmiðstöðvum og öðrum fræðsluadílum, samtökum á vinnumarkaði, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og opinberum aðilum, sem komið hafa að starfseminni, fyrir samstarfið á árinu. Staðan nú felur í sér mikla áskorun sem ég er sannfærður um að við munum standa undir á þeim trausta grunni samstarfs og sameiginlegrar sýnar sem við byggjum á. Um leið er mikilvægt að horfa fram á við. Stefnum ótraud að því markmiði að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020.



Halldór Grönvold